

# Litla fræið

í leikgerð Rannveigar Þorkelsdóttur

## Persónur:

Mold:

Fræ:

Tré:

Gola:

Ský:

Fluga:

Nemendur/blóma 14. stykki.

## **Mold:**

Einu sinni var lítið fræ. Það var fræ af stóru tré. Það óx á háu, fallegu tré.

## **Fræ:**

Bráðum fæ ég að detta og þá verð ég að stóru tré.

## **Tré:**

Litla fræið datt af trénu en það kom niður á stein. Fræið lá á steininum og steinninn var kaldur.

## **Fræ:**

Mér er kalt. *(fer að gráta)*

## **Golan:**

Af hverju grætur þú litla fræ?



**Fræ:**

Ég græt af því að steinninn er kaldur, hann er kaldur og harður.

**Golan:**

Ég skal hjálpa þér, litla fræ. Ég skal blása á þig. *(hún blæs, fræið dettur af steininum)*

**Fræ:**

Þakka þér fyrir, góða gola.

**Tré:**

Fræið lá í mjúkri mold, þetta var góð mold.

**Mold:**

Liggðu hérna hjá mér, ég skal hjálpa þér að vaxa.

**Fræ:**

Ég er svo þyrst. *(fer að gráta)*

**Ský:**

Af hverju grætur þú, litla fræ?

**Fræ:**

Ég er svo voðalega þyrst.

**Ský:**

Ég skal hjálpa þér. Ég skal láta rigna á þig. *(það fer að rigna)*

**Fræ:**

Þakka þér fyrir, góða ský. Nú er ég ekkert þyrst.

**Tré:**

En skyndilega sér fræið að það er farið að dimma úti. Það fer að gráta.

**Fluga:**

Af hverju ertu að gráta?



**Fræ:**

Ég græt af því að það er svo dimmt og mér er svo kalt.

**Fluga:**

Af hverju reynir þú ekki að tylla þér á tær, þá nærð þú upp í yl og ljós.

**Fræ:**

Ég kann ekki að tylla mér á tær, það eru engar tær á mér. (*reynir að tylla sér á tær*) Ég næ ekki upp í ylinn og ljósið.

**Fluga:**

Jú það eru tær á þér, reyndu að tylla þér á tær.

**Fræ:** (*reynir að tylla sér og getur það síðan*)

Ég get það, ég á tær. Þakkaðu þér fyrir góða fluga.

**Tré:**

Fræið fór að tylla sér á tær og náði upp í yl og ljós. Hlýja golan blés á fræið.

**Nemandi 1:**

Skýið lét rigna á það.

**Nemandi 2:**

Sólin gaf því yl og ljós.

**Nemandi 3:**

Moldin gaf því mat.

**Nemandi 4:**

Litla fræið óx og óx.

**Nemandi 5:**

Það fór aldrei að gráta.

**Nemandi 6:**

Því var aldrei kalt.

**Nemandi 7:**

Það var aldrei þyrst.

**Nemandi 8:**

Það óx og það óx.

**Nemandi 9:**

Það óx og varð að stóru tré.

**Nemandi 10:**

Það þakkaði hlýju golunni. *(fræið þakkar golunni)*

**Nemandi 11:**

Það þakkaði skýinu fyrir regnið. *(fræið þakkar skýinu)*

**Nemandi 12:**

Það þakkaði litlu flugunni. *(fræið þakkar flugunni)*

**Nemandi 13:**

Það þakkaði sólinni fyrir yl og ljós. *(fræið þakkar sólinni)*

**Nemandi 14:**

Það þakkaði moldinni matinn. *(fræið þakkar moldinni)*